



Skýrsla starfshóps GOT 2015

Starf Golfklúbbsins Tudda þarf að vera í stöðugri skoðun og þróun.

Mót félagsins eru stærsti þáttur í starfinu og því er mikilvægt að vera ávallt vakandi fyrir nýjum leiðum sem geta bætt mótin og þá sérstaklega meistaramótið sem haldið er ár hvert á afmælisári félagsins.

Á auka aðalfundi félagsins þann 26. janúar sl. var samþykkt að setja saman starfshóp sem fengi það verkefni að skoða framkvæmd meistaramótsins og leggja fram tillögur að framtíðarsýn fyrir mót félagsins til næstu þrjátíu ára. Hópurinn var skipaður 6 einstaklingum sem komu úr ólíkum hornum félagstarfsins og með mismunandi félagslegan bakgrunn, svo besta heildarmyndin fengist.

Hópurinn skilaði tillögum sínum til stjórnar GOT í byrjun nóvember eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Tillögur hópsins eru kynntar félagsmönnum strax og verða svo til umræðu og afgreiðslu á aðalfundi félagsins sem verðu haldinn í janúar samkvæmt hefðum, venjum og lögum félagsins.

Forsettinn færir öllum aðilum hópsins hjartans þakkir fyrir framlag sitt og framtíðarsýn.

Kv. Bjarni Magnússon

Inngangur

Eftir að starfshópurinn var skipaður í byrjun janúar, hittist hann reglulega á fundum en samtals urðu fundir hópsins fjórtán talsins. Þá notaðist hópurinn einnig mikið við samskiptahugbúnaðinn Outlook og Facebook við vinnu sína. Óhætt er að fullyrða að hópurinn var í afar reglulegum og góðum samskiptum á tímabilinu og má sjá afrakstur vinnunnar hér að aftan.

Þótt einstaka atriði sem snúa að mótahaldi félagsins hafi verið mikið rökrædd í hópnum þá var engu að síður mikill samhljómur í störfum nefndarinnar þar sem allir höfðu sama markmið – að búa til umgjörð meistaramóts sem væri eftirsóknarverð fyrir bestu kylfinga félagsins sem og þá sem minna kunna.

Með það fyrir augum að bæta meistaramótið og umfang þess, leggur hópurinn til margar breytingar. Sumar þessara breytinga kunna að fela í sér ákveðin frákvæfing frá núverandi fyrirkomulag á meðan aðrar tillögur fela eingöngu í sér skerpingu á því sem áður hefur verið gert.

Einnig tók nefndin að sér að álykta um þátttöku félagsins í Sveitakeppni GSÍ og önnur mál er varða aðgang fjölmiðla og ímynd félagsins.

Úthlíð, Biskupstungur - 14. nóvember 2015

- *Magnús Már Þórðarson, yfirmaður nefndar og fulltrúi úthverfa innan höfuðborgar*
- *Bogi Mölbý, formaður kvennanefndar*
- *Óli Öder, formaður framkvæmda og viðburðanefndar*
- *Júlíus Hallgrímsson, fulltrúi landsbyggðarinnar*
- *Magnús Eggertsson, fulltrúi landsbyggðarinnar*
- *Hilmar Hólmgeirsson, fulltrúi höfuðborgarsvæðis (ekki Mosfellsbær samt)*



Meistaramót GOT

Meistaramótið GOT í golfi er hápunktur golftímabilsins. Fram til þessa hefur það oft ráðið vali á velli að viðkomandi völlum sé í góðu standi, golfklúbburinn hafa áhuga á að taka á móti og sé góður gestagjafi.

Hópurinn leggur til að látið verði af þessari hefð. Við val á mótsstað skulu önnur sjónarmið ráða för.

Taka þarf tillit til ýmissa sjónarmiða við val á mótsstað, t.a.m. gæði golfvallar, aðstöðu fyrir keppendur og áhorfendur, gistimöguleika, sjónarmiða samstarfsaðila o.fl. Æskilegt er að golfvellir á Íslandi verði flokkaðir eftir fyrirfram ákveðnum forsendum og að val á mótsvelli taki mið af slíkri flokkun.

Hópurinn leggur til að Meistaramótið GOT verði því haldið á erlendis í fjögur skipti af hverjum fimm. Hópurinn leggur áherslu á að aukin hagræðing náist í framkvæmd meistaramótsins og að reynt verði að tryggja samræmi á milli ára. Við greiningu sem og reynslu meistaramóta frá stofnum félagsins þá eru fáir ef nokkrir vellir sem uppfylla kröfur um gæði og lengd brauta og er það mat nefndarinnar að fimmta hvert ár skuli mótið spilað á Íslandi og þá út á landsbyggðinni sem býður yfirleitt upp á betri velli og skemmtilegri umgjörð fyrir slík mót.

Meistaramót GOT er vörumerki sem á að gagnast félaginu í útbreiðslustarfi og tekjuöflun. Töluverðar umræður áttu sér stað um þetta fyrirkomulag og rétt er að geta þess að hópurinn var algjörlega sammála um þessa niðurstöðu og endurspeglar þetta þar með álit meirihlutans.

Sveitakeppni GSÍ

Sveitakeppni GSÍ er eitt af stærstu mótum sumarsins á hverju keppnistímabili. Mótið er feikilega vinsælt meðal félagsmanna sem hafa nær óslitið sent 2 lið til leiks, þ.a. Valslið og Úrvalslið. Það er einróma álit starfshópsins að auka megi veg þessarar keppni verulega og um leið auka áhuga allra félagsmanna á þátttöku.

Sú hefð hefur skapast að leikið sé í Sveitakeppni GSÍ aðra helgi í ágústmánuði en sú helgi hentar ekki öllum félögum vel. Við munum því koma þeim tilmælum til GSÍ að finna aðra og betri helgi. Nefndin mælir einnig með að þetta mót sé leikið út landi enda vellir þar og aðstaða yfirleitt betri til keppnishalds.

Fjölmiðlar

Lagt er til að kannaðar verði nýjar leiðir til að minnka sýnileika meistaramótsins í fjölmiðlum. Hingað til hefur ríkt algjört fjölmiðlabann og myndataka með öllu óheimil. Æskilegt er halda slíku til streitu og að skoða möguleika á að setja þetta í fastari skorður. Skorar þessi nefnd á stjórnina að önnur nefnd verði stofnuð sem álykti um þetta og leiti leiða til koma áætlun og ferlum varðandi fjölmiðla í réttan farveg.

Annað

Starfshópurinn leggur áherslu á að félagsstarfið í heild sinni verði færð upp á næsta plan. Af því tilefni skal stefnt að því að ráða sérstakan aðstoðarmann framkvæmdastjóra til félagsins. Aðstoðarmaðurinn skal hafa það hlutverk að halda utan um og að aðstoða framkvæmdastjóra með það hlutverk að tryggja samræmi í mótahaldi og styrkja ásýnd félagsins.